

**Dómsorð:**

Stefndi, Óskar Sigurðsson, greiði stefnanda, Hannesi Guðleifssyni, kr. 23.561.62 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1961 til greiðsludags og kr. 3.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

**Föstudaginn 23. nóvember 1962.**

**Nr. 141/1962. Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Halldóri Karel Jakobssyni**

(Gísli Einarsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.**

**Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.**

**Dómur Hæstaréttar.**

Í máli þessu er það upplýst með játningu ákærða, sem kemur heim við vætti vitna þeirra, sem leidd hafa verið, að hann ók bifreiðinni Y 1011 um götur Siglufjarðarkaupstaðar aðfaranótt laugardagsins 21. júlí 1962 með áhrifum áfengis. Reyndust vera í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 2.2‰ af alkóhóli.

Ber því samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem getur í ákæruskjali, að dæma hann til varðhaldsvistar, sem þykir hæfilega ákveðin 15 dagar.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 að svipta hann ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, sem renni í ríkissjóð, og laun skipaðs verjanda hans fyrir sama rétti, sem ákveðast kr. 3000.00.

Það athugast, að ekki verður séð af skjölum málsins, að

Hjörleifur Magnússon, bæjarfógetafulltrúi á Siglufirði, sem fór með hluta af rannsókn þess, hafi bent bróður ákærða, Lárusi Jakobssyni, á, að hann gæti skorazt undan að bera vætti í málinu, sbr. 3. lið 89. gr. laga nr. 82/1961.

#### Dómsorð:

Ákærði, Halldór Karel Jakobsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Hann er sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla hæstaréttarlögmanns Einarssonar, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Sauðárkróks 21. september 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, útgefnu af saksóknara ríkisins 7. september 1962, gegn Halldóri Karel Jakobssyni sjómanni, til heimilis að Sæmundargötu 9, Sauðárkróki, fyrir að hafa ekið bifreiðinni Y1011 undir áhrifum áfengis um götur í Siglufirði, síðast um Snorragötu, Aðalgötu, Tjarnargötu, á hafnarbryggjuna og þaðan til baka, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á mótum Tjarnargötu og Gránugötu þar í bæ aðfaranótt 21. júlí 1962.

Er atferli ákærða talið varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengisлага nr. 58/1954.

Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Halldór Karel, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. júlí 1942 á Sauðárkróki, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardags 21. júlí 1962 fengu lögreglumenn í

Siglufirði, nr. 5 og nr. 11, þeir Stefán Friðriksson og Svavar Ármannsson, veður af, að akstur ökumanns bifreiðarinnar Y 1011 þætti grunsamlegur og ógætilegur. Höfu þeir í lögreglubifreiðinni F 11 þegar leit að bifreiðinni Y 1011 og fundu hana innan stundar á mótum Tjarnargötu og Gránugötu þar í bæ og stöðvuðu akstur hennar.

Ökumaður bifreiðarinnar Y 1011 reyndist vera Halldór Karel Jakobsson, ákærði í máli þessu. Sáu lögreglumennirnir strax greinileg merki áfengisáhrifa á ákærða, enda viðurkenndi hann umsvifalaust að hafa neytt og ekið bifreiðinni Y 1011 undir áhrifum áfengis. Var ákærði þegar fluttur í lögreglubifreiðinni á lögreglustöðina og síðan færður til héraðslæknis staðarins, sem tók sýnishorn úr blóði ákærða.

Með ákærða í bifreiðinni í umrætt sinn voru Lárus Fjeldsted, bróðir ákærða, Tryggvi Þorbergsson frá Sauðárkróki og Baldur Björnsson frá Mógskógum í Haganeshreppi. Hafa þeir allir komið fyrir dóm og borið vitni.

Ákærði hefur fúslega viðurkennt fyrst fyrir lögreglu og síðar í dómi í Siglufirði að hafa ekið bifreiðinni Y 1011 aðfaranótt 21. júlí s.l. undir áhrifum áfengis.

Vitnið Lárus Fjeldsted Jakobsson ber, að umrætt sinn hafi það verið í bifreiðinni Y 1011, fyrst um kvöldið og svo aftur um nóttina, skömmu áður en lögreglan kom á vettvang og tók ákærða. Í fyrra skiptið, er vitnið var í bifreiðinni, segist það ekki hafa séð merki áfengisáhrifa á ákærða. Í síðara skiptið, sá það, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og hefði vitnið því beðið ákærða að láta af akstri sakir þessa, og hafi ákærði því aðeins ekið einn „rúnt“ um Aðalgötu og niður Tjarnargötu og verið á leið suður að „Sunnubrakka“ til að leggja bifreiðinni, þá lögreglu bar að.

Vitnið Tryggvi Þorbergsson, sem var samfleytt með ákærða, áður og eftir að ákærði hóf akstur bifreiðarinnar Y 1011 þetta sinn, allt þar til lögreglan kom að, segist ekki hafa séð ákærða neyta áfengis þennan tíma, né haft hugmynd um eða grunað, að svo væri, fyrr en lögreglan kom og stöðvaði akstur ákærða. Vitnið kveður ákærða að vísu hafa drukkið gosdrykki í bifreiðinni, en kveðst eigi hafa vitað, að drykkurinn væri blandinn áfengi. Vitnið segist hafa verið mjög drukkið, er þetta skeði.

Vitnið Baldur Björnsson ber, að það hafi aðfarnótt 21. júlí 1962 setið í bifreiðinni Y 1011, um 15—20 mínútur áður en lögreglu bar að, og þá séð greinileg merki áfengisáhrifa á ákærða.

Vitnið Svavar Ármannsson, lögreglumaður nr. 11, annar þeirra, er stöðvuðu akstur ákærða, ber, að það hafi séð á framkomu og heyrt á rödd ákærða, að ákærði var með áfengisáhrifum, enda hefði hann strax og án refja viðurkennt það. Ákærði hefði þó ekki verið „útúrdrukkinn“.

Vitnið Stefán Friðriksson, lögreglumaður nr. 5, sem var með vitninu Svavari, er akstur ákærða var stöðvaður, segir, að ákærði hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis, vínþef lagt af honum og hann verið nokkuð þvældur í útliti, en ekki virzt útúrdrukkinn.

Telja verður sannað með játningu ákærða, vætti vitna og niðurstöðu blóðrannsóknar, en niðurstaða hennar sýndi, 2.2% reducerandi efni í blóði ákærða samkvæmt vottorði Jóhanns Þorkelssonar læknis á Akureyri, að ákærði hafi undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni Y 1011 um götur í Siglufirði aðfaranótt 21. júlí 1962 og þá verið með tilliti til áfengismagns í blóði ákærða óhæfur til að aka bifreið.

Þetta atferli ákærða er brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, og ber því að refsa honum samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga.

Rétt þykir, þar sem ákærði játaði brot sitt umsvifalaust og skýrði rétt og skilmerkilega frá málavöxtum, að færa refsingu hans niður úr því lágmarki, sem áskilið er í 80. gr. umferðarlaga, samkvæmt 9. tölulið 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir og verða að taka tillit til, að ákærði hefur enn hvorki sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé, og að ekkert tjón hlaut af broti hans.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, kr. 2.000.00. Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga skal ákærði sviptur ökuleyfi eitt ár, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Málið hefur í meginatriðum verið rannsakað í sakadómi Siglufjarðar.

Jón Óskarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóminn.

#### Dómsorð:

Ákærði, Halldór Karel Jakobsson, greiði kr. 2.000.00 — tvö þúsund — í sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10

daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá lög-  
birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi eitt ár frá sama tíma.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1962.

Nr. 59/1962. **Halldór Jónsson** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Hirti Valdimarssyni og gagnsök**

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1962. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. júní 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, og hefur hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 259.094.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1957 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi bar sem vélstjóri á v/b Glað, S H 67, samkvæmt 47. gr. laga nr. 41/1930 ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélar bátsins, leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar teljast. Samkvæmt mennt sinni og starfa hafði gagnáfrýjandi betri aðstöðu en aðaláfrýjandi til að leggja dóm á öryggisútbúnað vélarinnar. Hann kvartaði allt að einu eigi fyrir slysið undan frágangi vélarinnar, svo vitað